



## GRA2A05 – Grafísk hönnun

Námsáætlun, vorönn 2020

**Kennari/kennarar:**

Kristín María Ingimarsdóttir

**Netfang/netföng:**

[stinamaja@bhs.is](mailto:stinamaja@bhs.is)

### Lýsing:

Áfanginn miðar að því að kenna grundvallaratriði grafískrar hönnunar fyrir prent- og skjámiðla með fjölbreyttum æfingum og verkefnum. Áhersla er lögð á að nemandinn þróa skýrar og merkingarbærar hugmyndir að verkum til útfærslu með athugunum, hugmyndavinnu og skissugerð. Sérstaklega er unnið með formræna þætti leturs, ólíkar leturgerðir og samspil og niðurröðun leturs og mynda á myndfletinum í þeim tilgangi að móta skýra merkingu og heildaráhrif. Umræður og greining á eigin verkum, verkum samnemenda og þekktra hönnuða skipa stóran sess í áfanganum.

### Þekking, leikni, hæfni:

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróun hugmynda við útfærslu grafískra verka.
- formrænum þáttum ólíkra leturgerða og áhrifum þeirra á merkingu.
- samröðun og uppbyggingu myndrænna þátta í uppbyggingu síðu.
- helstu hugtökum grafískrar hönnunar og notkun þeirra við greiningu verka.
- helstu tækjum og tólum grafískra hönnuða.

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- móta skýrar hugmyndir við útfærslu verka.
- nýta eiginleika ólíkra leturgerða við útfærslu hugmynda.
- raða saman myndrænum þáttum á myndfleti, s.s. texta og myndum, á merkingarbæran og áhrifaríkan hátt.
- nota fjölbreyttar aðferðir og tæki við útfærslu hugmynda, s.s. skissubækur, penna, blýanta, liti og forrit til grafískrar hönnunar.

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hanna eigin verk af skýrleika, áræðni og frumleika.
- Leysa fjölbreytt verkefni í grafískri hönnun af fagmennsku.
- koma hugmyndum og skilaboðum á framfæri af innsæi, tilfinningu og þekkingu á grafískri hönnun.



### Námsmat:

Verkefnavinna, frammistöðumat, leiðsagnarmat og símat (ástundun, þátttaka og framfarir).

1. Smærri verkefni 30%
2. Stærri verkefni 60%
3. Skissubók 10%

Mat á hverju verkefni fyrir sig er þríþætt: Verkferli (hugmyndavinna, skissuvinna, sýnileiki og virkni nemenda), kynning og verkið sjálft. Við mat á verkefninu sjálfu er m.a. horft á eftirfarandi þætti: skýrleika í framsetningu, frumleika hugmynda, myndhugsunar, leturnotkunar, myndbyggingar og litanotkunar.

### Námsgögn:

Nauðsynlegt er að kaupa skissubók. Einnig er gott að eiga eigin blýanta, tússpenna, reglustiku og nokkra liti (tréliti, tússliti). Helstu forrit sem notuð eru í áfanganum: Illustrator, InDesig og Photoshop.

### Aðrar mikilvægar upplýsingar:

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Farsímar:** Ekki er leyfilegt að nota eða hafa farsíma uppi við í kennslustundum.

**Neysla matar** í kennslustufunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vatn í lokuðum ílátum.

**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma. Dregin er frá einn heill ef verkefni er ekki skilað á réttum tíma og tveir heilir ef verkefnaskil eru ekki innan tveggja vikna frá skiladegi. Eftir það er ekki tekið á móti verkefnum.

### Verkefni og vægi:

1. Verkefni - Vinna með letur, handgert	5%
2. Verkefni - Skapa letur / stafrófið	5%
3. Verkefni - Búa til veggspjald úr verkefni 02	5%
4. Verkefni - Myndbygging / leturgerðir	15%
5. Verkefni - Plakat	20%
6. Verkefni - Lógó	20%
7. Verkefni - Umbúðir	20%
8. Verkefni - Skissubók	10%

**Samtals: 100%**



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
2	7.-10. janúar	Kynning á áfanga – Grafísk hönnun	
3	13.-17. janúar	<b>VERKEFNI 01</b> - Vinna með letur, handgert	5%
4	20.-24. janúar	<b>VERKEFNI 02</b> - Skapa letur / stafrófið	5%
5	27.-31. janúar	<b>VERKEFNI 03</b> - Búa til veggspjald úr verkefni 02/ layout	5%
6	3.-7. febrúar	<b>VERKEFNI 04</b> - Myndbygging / leturgerðir	15%
7	10.-14. febrúar	<b>VERKEFNI 04</b> - Myndbygging / leturgerðir	Varða 1 Skóhlífadagar
8	17.-21. febrúar	<b>VERKEFNI 05</b> - Plakat – skissu/hugmyndavinna/útfærsla	20%
9	24.-28. febrúar	<b>VERKEFNI 05</b> - Plakat – útfærsla, prentun og kynning	
10	3. - 6. mars	<b>VERKEFNI 06</b> - LÓGÓ – skissu og hugmyndavinna	Vorannarhlé
11	9.-13. mars	<b>VERKEFNI 06</b> - LÓGÓ – þróun og útfærsla hugmynda	20%
12	16.-20. mars	<b>VERKEFNI 06</b> - LÓGÓ – þróun og útfærsla hugmynda	
13	23.-27. mars	<b>VERKEFNI 06</b> - LÓGÓ – nafnspjald / pappírar / viðeig. framsetn.	Varða 2
14	30.mar. -3. apríl	<b>VERKEFNI 07</b> - Umbúðir	20%
15	6.-10. apríl	Páskaleyfi	
16	15.-17. apríl	Páskaleyfi	
17	20.-24. apríl	<b>VERKEFNI 07</b> - Umbúðir	Sumardagurinn fyrsti
18	27.-30. apríl	<b>VERKEFNI 07</b> - Umbúðir	
19	4.-8. maí	<b>VERKEFNI 07</b> - Umbúðir	
20	11.-13. maí	<b>VERKEFNI 08</b> – Yfirferð og lokaskil á skissubók 10%	10% (skissubók)

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*